

**1952 nr. 28 4. febrúar****Lög um gjald af kvikmyndasýningum**

- **1. gr.** Sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenskra kvikmynda og fræðslukvikmynda.
- **2. gr.** Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmynda-húsanna undanþegnir sætugjaldi.
- **3. gr.** Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einn-

ig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

■ **4. gr.** Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

■ **5. gr.** Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

□ [Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 1.000 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 8. gr.